

Nd.

342. Breytingartillögur

[158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 1. gr. 2.–3. tölul. falli brott.
2. Við bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
31. gr. laganna breytist þannig:
 - a. 3. tölul. orðist svo: Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1987, um allt að 3% á árinu 1988, um allt að 2% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990, en þá falli heimildir samkvæmt þessari málsgrein niður.
 - b. 4. tölul. orðist svo: Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 8% 1987, 6% 1988, 4% 1989 og 2% 1990, en þaðan í frá fellur þessi heimild niður. Þá upphæð, sem fæst skv. fyrri málsl., má draga frá skattskyldum tekjum.
 - c. 11. tölul. (um tillög í fjárfestingarsjóð) falli niður.
 - d. Í stað 11. tölul. komi nýr tölul. er orðist svo: Heimilt er framleiðslufyrirtæki að draga frá hagnaði annað hvert ár allt að 5% vegna rannsóknar-, þróunar- og markaðsstarfs á vegum fyrirtækisins. Skal ríkisskattstjóri gefa út reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.
3. Við bætist ný gr. sem verði 3. gr. og orðist svo:
Tölur í 38. gr. laganna breytast sem hér segir:
 - a. 1. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
 - b. 2. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
 - c. 3. tölul. Í stað „15%“ komi: 12%.
 - d. 4. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
 - e. 7. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
4. Við bætist ný gr. sem verði 5. gr. og orðist svo:
Við 52. gr. laganna bætast nýir tölul. sem orðast svo:
 4. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa árlega út reglur um takmörk samkvæmt þessum tölulið.
 5. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.
5. Við bætist ný gr. sem verði 6. gr. og orðist svo:
54. gr. til og með 55. gr. B í lögunum falli brott.
6. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Í stað „34 705“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985 og 4. gr. laga nr. 3/1986, komi: 64 000.
7. Við bætist ný gr. sem verði 11. gr. og orðist svo:
2. mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna orðist svo:
Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1987, 3% 1988, 2% 1989 og 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því til þeirra var stofnað.